

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 7. september 2018
Mnr. 2018060056



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað -

Sigfús B. Öundurson óskar eftir því við bæjaryfirvöld að gerður verður nýr lóðaleigusamningur vegna hjalls sem stendur á lóð við Skipagötu 2, Suðureyri.

Sigfús er kaupandi að hjallinum sbr. afsal dags. 31. Des. 2015, afsali hefur ekki verið hægt að þinglýsa m.a. vegna lóðarréttinda sem ekki eru til staðar.

Lóðin Skipagata 2 er 227 fm. Að stærð, nýtingarhlutfall er 0.15, hámarks leyfilegt byggingamagn er 34.19 fm. Byggingamagn á lóð er 11.4 fm.

Skv. deiliskipulagi Suðureyramala er eingöngu gert ráð fyrir fiskihjöllum á lóðum við Skipagötu 2 og Eyrargötu 18

	Núverandi staða			Nýtt skipulag			
	stærð lóða í m ² skv. FMR	nýtingarhlutfall	stærð bygginga í m ² skv. FMR	stærð lóða í m ²	nýtingarhlutfall	hámarksstærð bygginga í m ²	hámarksstækkun bygginga í m ²
Skipagata 2	0,00	0,00	11,4	227,90	0,15	34,19	22,79

2.3.1 Lóðir fyrir blandaða starfsemi

Gert er ráð fyrir 52 lóðum fyrir blandaða starfsemi, þ.e. fyrir íbúðir og/eða miðbæjarstarfsemi, þar af eru 14 lóðir nýjar eða án bygginga í dag. Með miðbæjarstarfsemi er átt við ýmsa verslun og þjónustu sem tilheyrir miðbæjum, s.s. verslanir, handverkshús, lager með hreinlega starfsemi, léttur hreinlegur iðnaður, hjallar, veitingarhús, gistihús, ferðaþjónusta eða önnur þjónusta.

Heimilt er að geyma smábát á lóð, að fengnu stöðuleyfi frá bæjaryfirvöldum til eins árs í senn.

Á lóðinni Skipagötu 3 er áfram gert ráð fyrir tjaldsvæði og tengdri þjónustu, en þó að bensínafgreiðsla víki.

Á lóðunum Skipagötu 2 og Eyrargötu 18 er eingöngu gert ráð fyrir fiskihjöllum.

Á lóðinni Rómarstígur 4 er spennistöð. Gert er ráð fyrir að hún verði felld inn í hús sem samræmist ákvæðum hverfisverndar. Einnig kemur til greina að hún víki af lóðinni og verði staðsett á annarri lóð fyrir blandaða starfsemi, þannig að hún verði sem minnst sýnileg.